

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd

Sent rafrænt á netfangið: nefundasvid@althingi.is

Reykjavík, 20. mars 2019

Tilvísun: 201902-2036, SKR 055

Umsögn Einkaleyfastofunnar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna heitis Einkaleyfastofunnar (nafnabreyting á stofnuninni), þskj. 894 - 541. mál á 149. löggjafarþingi 2018-2019

Vísað er til erindis, dags. 28. febrúar 2019, þar sem Einkaleyfastofunni var veitt færi á að koma á framfæri athugasemdum við ofangreint frumvarp.

Einkaleyfastofan hefur yfirfarið ákvæði frumvarpsins og athugasemdir í greinargerð og gerir engar efnislegar athugasemdir við það. Stofnunin hefur þó hug á að koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri.

Hlutverk Einkaleyfastofunnar samkvæmt reglugerð nr. 188/1991 er m.a. að fara með málefni varðandi einkaleyfi, vörumerki, hönnunarvernd og önnur hliðstæð réttindi sem kveðið er á um í lögum, reglugerðum og alþjóðasamningum um vernd eignaréttinda á sviði iðnaðar. Meginstarfsvið stofnunarinnar lýtur að umsýslu með þeim verndarformum en aðrar tegundir hugverka sem stofnunin hefur umsjón með eða kemur að með einhverjum hætti eru til að mynda félagamerki, byggðarmerki og afurðarheiti (sem umsagnaraðili MAST vegna skörunar við vörumerki). Þá er það hlutverk Einkaleyfastofunnar að leggja mat á höfundarétt þegar fram fer mat á skráningarrhæfi vörumerkja og hönnunar eða á einkaleyfishæfi.

Þau hugverkaréttindi sem Einkaleyfastofan hefur umsjón með tengjast höfundarétti að mörgu leyti. Með hliðsjón af því veitir Einkaleyfastofan iðulega upplýsingar í tengslum við höfundarétt að því marki sem hann varðar verksvið stofnunarinnar. Til stofnunarinnar leita aðilar ennfremur til þess að fá almennar upplýsingar þar sem einstaklingar og/eða lögaðilar gera sér ekki alltaf grein fyrir því í hverju munurinn á réttarverndinni liggur, um hvers konar hugverk er að ræða eða hvaða réttarform hentar best því sem viðkomandi er að fást við. Þegar grunnþekking stofnunarinnar á höfundarétti þrýtur er aðilum beint til viðeigandi aðila sem veitt geta nánari upplýsingar um þau réttindi í samræmi við leiðbeiningaskyldu stjórnvalda. Hið sama á við um önnur hugverkaréttindi sem stofnunin ber ekki beina ábyrgð á.

Heiti stofnunarinnar, Einkaleyfastofan, felur því í sér afar þrönga skírskotun til eins málefna sviðs stofnunarinnar, einkaleyfa (*e. patent*) sem aðeins taka til tæknilegra uppfinninga. Hugtakið *einkaleyfi* hefur einnig aðra merkingu í íslensku máli og má víða finna, m.a. í löggjöf, í stað hugtaksins *einkaréttur* og hefur þannig ítrekað valdið ruglingi. Meðal annars vegna þessa var lagt til í Hugverkastefnu fyrir Ísland 2016 - 2022 að skoðað yrði að taka upp alþjóðlega hugtakið *patent* í stað hugtaksins *einkaleyfi*.



Sú breyting sem lögð er til í frumvarpi þessu er fyrst og fremst til þess gerð að koma til móts við þarfir íslensks atvinnulífs og aðila í nýsköpun, rannsóknum og þróun. Það er hlutverk Einkaleyfastofunnar að veita upplýsingar og ráðgjöf á þessu sviði, m.a. um umsóknarleiðir, skörun og/eða tengsl við önnur réttindi. Það hefur sýnt sig að þörf er á því fyrir hagsmunaaðila og atvinnulífið í heild að hugverk séu rædd í einu, stóru samhengi og að horfa þurfi heildstætt á hugverkaréttindi sem verðmæti fyrirtækja. Réttindin eru enda nátengd og fleiri en ein tegund réttinda getur átt við um eitt hugverk. Á fundi Einkaleyfastofunnar með hagsmunaaðilum á liðnu ári í tengslum við stefnumótun stofnunarinnar til ársins 2022 kom fram skýr stuðningur þeirra við þessa fyrirhuguðu breytingu.

Umræða um hugverk og réttindi sem þeim tengjast hefur aukist hér á landi á liðnum árum og er þróunin auk þess sú á alþjóðavísu að hugverkaréttindi séu skoðuð heildstætt og upplýst um hvernig þau geta unnið saman. Má þar sem dæmi nefna Hugverkastofu Evrópusambandsins – EUIPO (*European Union Intellectual Property Office*), sem aðeins hefur umsjón með skráningu vörumerkja og hönnunar en ber jafnframt ábyrgð á miðstöð vegna brota á hugverkaréttindum í víðum skilningi (*EU Observatory*). Skráningar- og hugverkastofur í Evrópu og um heim allan hafa verið að þróast síðustu ár úr því að vera eingöngu skráningarstofur í það að leggja aukna áherslu á þjónustu við atvinnulífið og er Einkaleyfastofan þar engin undantekning. Þá má nefna að verndun hugverka er sett í fyrsta sæti í Nýsköpunarheitum Viðskiptaráðs fyrir árið 2019 og þá eru hugverk eitt af áhersluatriðum OECD fyrir árin 2019-2020.

Með hliðsjón af aukinni áherslu á nýsköpun, bæði af hálfu ríkisstjórnarinnar og í þjóðfélaginu almennt hefur þörf á heildstæðri nálgun á þessu sviði vaxið. Þær upplýsingar sem Einkaleyfastofan veitir spanna allt frá tegundum réttarsviða og umsóknarleiðum til þess þegar á reynir við framfylgni réttindanna. Einkaleyfastofan hefur um árabíl farið fyrir hóp sem leggur sérstaka áherslu á brot gegn hugverkaréttindum sem í starfa fulltrúar tveggja ráðuneyta (ANR og MMR), samtaka rétthafa á sviði höfundaréttar og fleiri. Sá hópur beitti sér m.a. fyrir því að opna vefsíðuna www.falsanir.is, sem er hýst á heimasíðu Einkaleyfastofunnar og er ætluð til upplýsinga um hugverk í víðu samhengi og um brot á þeim rétti.

Breyting á heiti Einkaleyfastofunnar í Hugverkastofan mun að mati stofnunarinnar verða hagsmunum fyrirtækja og nýsköpun í landinu styrkur. Afar mikilvægt er á tímum aukinnar áherslu á nýsköpun í iðnaði að til staðar sé opinber stofnun sem hefur það hlutverk að veita einstaklingum, stofnunum og lögaðilum almennar upplýsingar á þessu sviði og stuðla með þeim hætti að bættu aðgengi að upplýsingum um hugverkaréttindi og aukinni vitund um mikilvægi hugverkaverndar.

Virðingarfyllst,
Einkaleyfastofan


Borghildur Erlingsdóttir
Forstjóri